

Mennta- og menningarmálaráðherra
Lilja Alfreðsdóttir
Menntamálaráðuneytinu
Sölvhólgötu 4
101 Reykjavík

Dalvík 7.12.2020

Varðandi aðgengi almenningsbókasafna að íslenskum raf- og hljóðbókum.

Erindi þetta er sent fyrir hönd stjórnar Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna. Tilgangur þessara samtaka er meðal annars að koma fram fyrir hönd félagsmanna í þeim málefnum er varða hagsmuni almenningsbókasafna. Það málefni sem stjórn SFA vill vekja athygli bókasafnsráðs á er aðgengi almennings að íslenskum raf- og hljóðbókum.

Rafbækur og sérstaklega hljóðbækur eiga auknum vinsældum að fagna um þessar mundir. Aðgengi að slíku efni á Íslandi er þó að verulegu leyti háð efnahag, þar sem ekki hefur tekist að gera þær aðgengilegar almenningi í gegnum Rafbókasafnið.

Rafbókasafnið er efnisveita á netinu opnað 2017, þar sem allir sem eiga gilt skírteini í almenningsbókasafni á Íslandi geta fengið rafrænt efni að láni. Verkefninu er stýrt frá Borgarbókasafninu í samstarfi við Landskerfi bókasafna og fyrirtækinu Overdrive, en í dag taka öll almenningsbókasöfn sem eru aðilar að bókasafnskerfinu Gegni þátt í því.

Fyrirkomulagið er þannig að útgefendur semja um verð og útlánaskilyrði við Overdrive, sem tryggir þeirra réttindi. Söfn sem eru aðilar að Overdrive kaupa síðan bækurnar þar í gegn. Einnig mega bókasöfn gera beina samninga við útgefendur og setja inn í sitt safn.

Samstarf við útgefendur hefur verið erfitt, en illa hefur gengið að fá þau til að selja Rafbókasafninu afurðir sínar, þrátt fyrir mikinn samningsvilja af hálfu bókasafnanna. Nokkrir fundir voru haldnir með formanni Félags íslenskra útgefanda um möguleikana á samningum við útgefendur, en einungis örfáir útgefendur hafa sett inn bækur og því er safnkostur á íslensku afar rýr. Af rúmlega 8000 titlum eru einungis um 770 á íslensku, mikið af því gamalt efni sem komið er úr höfundarétti.

Þess skal geta að um útlán bóka úr Rafbókasafninu gilda sömu reglur og varðandi önnur útlán almenningsbókasafna, höfundar fá greitt fyrir þau úr Bókasafnssjóði höfunda. Hægt er að setja skilyrði um t.d. fjölda útlána fyrir hvert eintak, þá hverfur bókin eftir t.d. 26 útlán og Rafbókasafnið þarf að kaupa hana á ný.

Einnig eru útlánaskilyrði almennt þannig að einungis einn notandi getur lesið hvert eintak í einu, líkt og er reyndin varðandi pappírsmarkur. Overdrive er afar strangt hvað varðar réttindi útgefenda og Rafbókasafninu er því ekki heimilt að kaupa bækur á almennum markaði og setja þarna inn.

Forstöðumenn og starfsmenn almenningsbókasafna eru mjög áfram um að veita almenningi aðgang að íslenskum raf- og hljóðbókum og liggja fyrir því nokkrar ástæður.

Jafnt aðgengi

Almenningsbókasöfn starfa skv. bókasafnalögum nr. 150/2012. Markmið og hlutverk þeirra og annarra bókasafna skv. lögnum er að jafna aðgengi að menningu og þekkingu. Í því viðskiptaumhverfi sem aðgengi að raf- og hljóðbækur eru á Íslandi í dag er óhjákvæmilegt að þeir sem eru betur staddir fjárhagslega hafi betri aðgang að slíku efni. Það er erlent einkafyrirtæki sem hefur ráðandi stöðu á markaði og eingöngu þeir sem greiða til fyrirtækisins í formi áskriftar hafa aðgang. Svipað gildir um annað fyrirtæki sem hefur þó gefið bókasöfnum sem greiða fyrir aðgang að framleiða eigin geisladiska með hljóðbókum, en það form er hinsvegar mjög á undanhaldi.

Íslenskukunnátta

Töluverð umræða hefur verið í samfélaginu um hnignun íslenskukunnáttu ungs fólks og að orðaforði þess hóps verði æ fátæklegri. Leiða má að því getum að betra aðgengi landsmanna að vönduðu, vel rituðu efni, bæði skáldverkum og fræðibókum í formi raf- og hljóðbóka ætti að vinna gegn þessari þróun. Annar hópur sem hefur mikla hagsmuni af góðu aðgengi að lesinni íslensku eru íbúar með annað móðurmál en íslensku. Sá hópur getur nýtt sér hljóðbækur til að æfa sig, bæði til að heyra íslenskan framburð í hljóðbókum og öðlast breiðari orðaforða.

Búseta

Með góðu úrvali af íslenskum raf- og hljóðbókum í Rafbókasafninu fá allir notendur íslenskra bókasafna jafnan aðgang að slíku efni, hvort heldur þeir eru staddir í Breiðholti eða Bolungarvík. Öll íslensk almenningsbókasöfn eru nú þegar þátttakendur í því samvinnuverkefni sem Rafbókasafnið er og greiða til þess eftir íbúafjölda, rétt eins og þátttaka í Landskerfi bókasafna.

Við forstöðumenn almenningsbókasafna vonumst að hægt verði að breyta þeirri skipan sem nú er og allir Íslendingar háir, lágir, ríkir, snauðir, til sjávar og sveita fái notið þeirra gæða sem fólgin eru í því að lesa og láta lesa fyrir sig íslenskar bækur.

Með ósk um liðsinni og von um jákvæð viðbrögð,

Virðingarfyllt

Björk Hólm Þorsteinsdóttir

formaður stjórnar Samtaka forstöðumann almenningsbókasafna

bjork@dalvikurbyggd.is